

Miðvikudaginn 13. desember 1995 kl. 14:30

66. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 33/1995

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

I.

Málsatvik

1.

Samkeppnisstofnun barst fyrirspurn 31. júlí sl. er varðar starfsemi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri sem rekin er í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði. Snýst fyrirspurnin um það hvort þar sé um að ræða samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Fyrirspyrjandi óskar nafnleyndar.

2.

Samkeppnisstofnun skrifaði Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri bréf, dags. 20. október sl., og óskaði eftir upplýsingum um það hvort starfsemi Rannsóknastofnunarinnar sem er í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði er haldið fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Einnig var beðið um ársreikninga stofnunarinnar fyrir árið 1994.

Í svarbréfi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, dags. 7. nóvember sl., kemur fram að stofnunin starfar samkvæmt reglugerð nr. 292/1992 og að í 5. gr. reglugerðarinnar standi meðal annars: „*Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillögur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans*“.

Í bréfinu segir að í ár hafi verið haldið verkefnabókhald hjá stofnuninni jafnhliða bókhaldskerfi ríkisins (BÁR). Þá segir ennfremur: „*Ljóst er að þetta kerfi fullnægir ekki þörfum RHA að öllu leyti og verið er að endurskipuleggja vinnuáðferðir sem teknar verða í notkun 1996. Þar verður mun nákvæmari kostnaðarfærsla á hvert verkefni en verið hefur til þessa og ætti það að nægja til að halda samkeppnisverkefnum að fullu aðskildum frá öðrum rekstri stofnunarinnar.*“

Með bréfi Rannsóknastofnunarinnar fylgdi ársreikningur stofnunarinnar fyrir árið 1994.

II.

Lagaumhverfi

1.

Í lögum nr. 51/1992 um Háskólann á Akureyri segir meðal annars um hlutverk skólans í 1. gr.: „*Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám*“.

Í 12. gr. laganna segir: „*Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis að koma á fót rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra aðila.*

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið og deildir stofnunarinnar, stjórn, tengsl við háskólanefnd og deildir skólans, samstarf við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins og aðrar stofnanir sem tengjast kennslu- og rannsóknasviði háskólans hverju sinni.

Háskólanefnd skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.“

Í 17. gr. segir: „*Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna*“.

2.

Í reglugerð nr. 292/1992, um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, segir í 2. gr.: „*Hlutverk Rannsóknastofnunar er:*

- a) Að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri,
- b) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við Háskólann á Akureyri,
- c) að hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila,
- d) að veita upplýsingar og ráðgjöf,
- e) að standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum,
- f) að selja þjónustu.“

Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir meðal annars: „Háskólanefnd skipar stjórn Rannsóknastofnunar til þriggja ára“. Í 2. mgr. 3. gr. segir meðal annars: „Stjórnin mótar rannsóknarstefnu stofnunarinnar, ræður vali verkefna, hefur umsjón með fjármálum og gerir tillögur til háskólanefndar um fjárveitingar“.

Í 4. mgr. 3. gr. segir: „Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri, með samþykki stjórnar, ræður annað starfslið eftir því sem fé er veitt til.“

Þá segir í lokamálgrein 3. gr. reglugerðarinnar: „Rekstrarkostnað stofnunarinnar skal greiða af rannsóknafé, sbr. 5. gr“.

Loks segir í 5. gr.: „Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðstöfun rannsóknafjár sem fengið er með:

- a) Fjárveitingum sem veittar kunna að vera í fjárlögum,
- b) styrkjum til einstakra verkefna,
- c) greiðslum fyrir umbeðin verkefni,
- d) gjöfum og öðrum tekjum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillögur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans.“

3.

Í samkeppnislögum nr. 8/1993 segir 1. grein: „Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

- a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í

- atvinnurekstri,*
- b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,*
 - c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“*

Í 2. mgr. 14. gr. laganna segir: „Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

III.

Niðurstöður

1.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 292/1992 er þess getið að hlutverk Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri skuli meðal annars vera að selja þjónustu sína. Í reglugerðinni segir einnig að það fé sem aflað er með sölu á þjónustu teljist hluti af rannsóknafé stofnunarinnar, en rannsóknafénu er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Til rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri var í fjárlögum ríkisins árið 1994 varið kr. 7.100.000.

2.

Ekki er að finna í lögum nr. 51/1992 um Háskólann á Akureyri eða reglugerð nr. 292/1992 um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að útselda þjónustu stofnunarinnar skuli verðleggja miðað við kostnaðarútreikninga.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri tekur hins vegar að sér verkefni í samkeppni við aðila á hinum almenna markaði. Ber skrá yfir þau verkefni sem stofnunin hefur unnið að það með sér. Við athugun á ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 1994 er ekki hægt að sjá kostnaðarfærslur á verkefni sambærilegar þeim sem um væri að ræða ef fyrirtæki á almennum markaði ætti í hlut. Ekki eru heldur gerðar til þess kröfur að verkefni standi undir kostnaði eins og áður segir.

Við athugun á ársreikningnum kemur í ljós að framlag Háskólans á Akureyri til launagreiðslna Rannsóknastofnunarinnar kemur heim og saman við samanlagða upphæð launa og launatengdra gjalda í gjaldalið ársreikningsins. Gert er ráð fyrir í reglugerð að kennarar Háskólans á Akureyri geti fullnægt að nokkru eða öllu leyti rannsóknaskyldu sinni við stofnunina en annað starfslið sé ráðið til starfa í samræmi við fjárveitingu.

3.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri er stofnun í eigu skólans og nýtur ótakmarkaðrar fjárhagslegrar ábyrgðar hans og því ríkissjóðs á skuldbindingum sínum. Stofnunin nýtur skattleysis, sem einkafyrirtæki gera ekki, auk þess sem hún þiggur fé á fjárlögum

Rannsóknastofnunin sinnir verkefnum sem unnin eru í beinni samkeppni við einkafyrirtæki sem stunda ráðgjafarstarfsemi.

Með þessu er ljóst að Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri uppfyllir bæði skilyrði þess að beitt sé ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga um starfsemi hennar, þ.e. rannsóknastofnunin er opinber stofnun sem nýtur verndar sem jafnframt stundar samkeppnisstarfsemi.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Til að taka af allan vafa um að sá þáttur í starfsemi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri sem rekinn er í samkeppni við aðra aðila sé ekki niðurgreiddur af tekjum af annarri starfsemi rannsóknarstofnunarinnar eða fjárframlögum til hennar mælir Samkeppnisráð, á grundvelli 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, fyrir um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og annarrar starfsemi Háskólans á Akureyri eigi síðar en 1. júlí 1996.“